

**Fundargerð 356. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 5. september 2018, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.**

Fundinn sátu:

Sandra B Franks, formaður

Kristín Ólafsdóttir, varaformaður

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Jóhanna Traustadóttir, ritari

Fundarritun: Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá

- 1. Fundur settur**
- 2. Fundargerð síðasta fundar**
- 3. Beiðni um útfararstyrk**
- 4. Námsstefna á komandi hausti, sem átti að vera 1. – 3. október á vegum ríkissáttasemjara/Borgarnesi**
- 5. Almanntengill, ímyndarvinna, staðan nú, fylgiskjal**
- 6. Starfsþróunarsjóður – bókun 8, bréf til ráðherra, fylgiskjal**
- 7. Kveðjuhóf KÁG**
- 8. Drög að dagskrá félagsstjórnar 26. september, fylgiskjal**
- 11. Drög að dagskrá trúnaðarmannráðsfundar 27. september, fylgiskjal**
- 12. Ferðin til Akureyrar í október**

Önnur mál

Fundargerð

1. Fundur settur

Sandra B Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund, bauð fundarmenn velkomna á fund framkvæmdastjórnar.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.

3. Beiðni um útfararstyrk

SBF fór yfir að ósk hefði borist til félagsins um útfararstyrk vegna jarðafarar fyrrverandi formanns félagsins. Fram kom að ekki hefði verið hægt að sækja um styrkt til Styrktarsjóðs BSRB, þ.s. viðkomandi hafi hætt störfum fyrir 2001, þ.e. áður en sjóðurinn varð til. Málið rætt og ákveðið að veita styrk.

4. Námsstefna á komandi hausti, sem átti að vera 1. – 3. október í Bifröst, en verður 5. – 7. nóvember í Borgarnesi, á vegum ríkissáttasemjara.

SBF gerði grein fyrir að umsókn frá félaginu á námsstefnuna hafi týnst og fulltrúar félagsins því ekki skráðir á námsstefnuna 1. – 3. október. Boðið er upp á námskeið 5. – 7. nóvember í Borgarnesi og munu fulltrúar félagsins mæta þá.

5. Alamanntengill

SBF fór yfir verkáætlun og verðhugmyndir frá almannatengli. Málið rætt og ákveðið að vinna áfram með það. Framkvæmdastjórn myndar starfshóp sem mun vinna áfram með hugmyndarnar og verður fyrsti vinnufundur fimmtudaginn 12. september fyrir hádegi. *Fylgiskjal*

6. Starfsþróunarsjóður SLFÍ, bókun 8, bréf til ráðherra

SBF gerði grein fyrir að hún og GÖG hefðu tekið saman erindi til fjármálaráðherra þ.s. farið er yfir erfiðleikana sem verið hafa vegna fullnustu bókunar 8 í síðasta kjarasamningi félagsins við ríkið frá 2015. Farið er fram á að ráðherra þrýsti á að málið verði klárað. *Fylgiskjal*

7. Kveðjuhóf KÁG

GÖG fór yfir að búið væri að ákveða dagsetninguna 16. október, sem er í tengslum við þing BSRB. Rætt hefur verið við Ögmund og KÁG sem bæði geta mætt á þessum tíma. Málið hefur verið rætt við KÁG og farið yfir helstu atriði og skipulag. Vinna þarf boðslista og undirbúa helstu atriði með góðum fyrirvara. GÖG vinnur málið áfram í samstarfi við framkvæmdastjórn.

8. Drög að dagskrá félagsstjórnar 26. september

Farið var yfir dagskrárdrögin og dagskrárefnin rædd. Fram kom hjá JT að gott væri að senda vinnugögn til undirbúnings á nefndarmenn.

9. Drög að dagskrá Trúnaðarmannaráðs

Rætt var um dagskrárdrögin og helstu atriðin og tímalengd þeirra. Rætt var um aðferðir og leiðir við umbun til trúnaðarmanna.

10. Ferðin til Akureyrar í október

GÖG gerði grein fyrir að 14 væru búnir að skrá sig og haft yrði samráð við Hafdísi Dögg varðandi boðun sjúkralíða á Norðurlandi í hófið, sem haldi verður laugardaginn 13. október. Búið er að leigja hús frá SFR sem er í Holtalandinu og mögulegt er að gista þar. Helgin 12. – 15. október hefur verið tekin frá þannig að þeir sem ætla með, geta farið á föstudeginum 12. október.

Önnur mál

- Rætt var um aðaltrúnaðarmann í Fossvogi. Núverandi trúnaðarmaður skipuleggur kosningu trúnaðarmanns og fær síðan stjórn Reykjavíkurdeildar til að halda utan um kosninguna.
- SBF gerði grein fyrir umræðunni á fundi Samningseininga BSRB.

Fundi slitið kl. 17.30